Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

HNE

STARFSLEYFI

Norðurorka hf.

Kt. 550978-0169
Rangárvöllum
603 Akureyri

- Vatnsveita Grímseyjar-

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum matvælalaga nr. 93/1995 og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem á þeim byggja. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda hverju sinni. Einnig skal farið eftir starfsleyfisskilyrðum sem fylgja þessu leyfi og eru óaðskiljanlegur hluti þess

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest

Samþykkt á 216. fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra - 4. nóvember 2020

Gildir til: **4. nóvember 2032**

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRA

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

Starfsleyfishafi: Norðurorka hf.,
kt. 550978-0169
Rangárvellir
603 Akureyri

Starfsstöð: Grímsey

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Neysluvatnsveitu**

1. Lagagrundvöllur

Starfsleyfi þetta byggir á:

- *Lögum nr. 93/1995 um matvæli*
- *Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*
- *Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti*
- *Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn*
- *Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns*
- *Reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti sem varða matvæli*

Starfsleyfið skuldbindur leyfishafa til að fylgja ákvæðum ofangreindra laga og reglugerða, ásamt öðrum lögum og reglum sem kunna að eiga við um starfsemina.

2. Grunnupplýsingar

2.1. Þjónustusvæði

Vatnsveitan þjónar íbúum og fyrirtækjum í Grímsey

2.2. Vatnstökusvæði

Við flugvöll

2.3. Gerð vatnsbóla

Tvær borholur. Borhola vestan megin við flugvöll er í notkun.

2.4. Vatnsverndarsvæði

Brunnsvæði er skilgreint í 5 metra radíus umhverfis borholurnar

2.5. Safntankar

Einn safntankur er austan flugavallar

2.6. Meðhöndlun vatns fyrir afhendingu

UV-Ljós

3. Almennar kröfur

3.1. Gæðakröfur
Starfsleyfishafi skal tryggja að neysluvatn sem afhent er notendum uppfylli kröfur sem koma fram í viðauka I í reglugerð 536/2001 um neysluvatn

3.2. Vatnsvernd
Tryggja skal vernd vatnsbóla og vatnsverndarsvæða í samræmi við reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns

3.3. Viðhald mannvirkja og búnaðar
Tryggja skal reglubundið viðhald mannvirkja og annars búnaðar vatnsveitunnar.
Aðeins skulu notuð efni og efnavörur sem komast í snertingu við neysluvatn og til þrifa sem hafa verið viðurkennd til slíkra nota.

3.4. Starfsfólk
Starfsfólk sem sinnir viðhaldi og daglegum rekstri skal búa yfir viðeigandi þekkingu og þjálfun til að geta sinnt störfum sínum á öruggan hátt

3.5. Innra eftirlit
Starfsleyfishafi skal koma á og viðhalda skjalfestu **innra eftirliti,** byggðu á áhættumati sem tryggir að ákvæðum þessa starfsleyfis og gildandi löggjafar sé fylgt.

Innra eftirlit skal að lágmarki fela í sér:
- Skráningu á frávikum viðbrögðum við þeim
- Verklagsreglur varðandi reglubundið eftirlit og viðhald
- Verklagsreglur varðandi þjálfun starfsfólks

3.6. Meðhöndlun úrgangs
Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.
Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

3.7. Breytingar á rekstri
Starfsleyfishafi skal upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um fyrirhugaðar breytingar á rekstri sem varðað geta ákvæði starfsleyfis

4. Sýnataka af neysluvatni
Um sýnatöku fer samkvæmt töflu 6 í viðauka I við reglugerð 536/2001 um neysluvatn.

4.1. Fjöldi sýna:
Reglubundið eftirlit: 1 sýni árlega
Heildarúttekt: Ákvörðun heilbrigðisnefndar í samráði við Matvælastofnun

4.2. Viðbrögð við menguðu neysluvatni
Um viðbrögð við menguðu neysluvatni skal fara samkvæmt 14. grein reglugerðar 536/2001

5. Eftirlit, gjaldtaka og gildistími

5.1. Eftirlit
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur eftirlit með því að ákvæðum þessa leyfis og lögum sé fylgt

5.2. Gjaldtaka
Starfsleyfishafi skal greiða árlegt eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá matvæla,- heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

5.3. Gildistími:
Leyfið gildir til 4. nóvember 2032. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfið og starfsleyfisskilyrðin ef forsendur breytast til dæmis vegna nýrrar löggjafar.

f.h. Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi